

Nr. 20-080 S 055 Núpur BA 69**Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskrá: 1591
IMO: 7637981
Smíðaður: Pólland 1976, stál
Útgerð: Oddi hf.
Stærð: 358 bt. 237,58 brl.
Mesta lengd: 38,69 m
Breidd: 7,60 m Dýpt: 5,70 m
Vél: Caterpillar 721 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 14



Núpur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 22. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. ágúst 2020 var línuveiðiskipið Núpur BA 69 á siglingu frá Patreksfirði. Veður: Hægviðri.

Skipið var nýfarið frá Patreksfirði þegar upp kom vélarbilun og stöðvar þurfti aðalvél skipsins. Óskað var eftir aðstoð og dró björgunarskipið Vörður II Núp aftur til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að botn í hitastýrðum smurolíuloka við gír aðalvélar brotnaði og mikill olíuleki var frá gírnum;
- að smurolíuþrýstingur á gírnum var 28 bör;
- að vélstjórinn taldi að málmþreyta hafi orsakað það að botninn í lokanum brotnaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.